



Skýrsla framkvæmdastjóra

Katharina A. Schneider

vegna ársins 2012

Starfsemi Þekkingarsetursins 15. júlí – 31. desember 2012

Þekkingarsetur á Blönduósi var formlega stofnað á stofnfundi þann 29. febrúar 2012, en ég var ráðin í 50% starf sem framkvæmdastjóri setursins ásamt verkefnastjóra, Gunnari Tryggva Halldórssyni, þann 15. júlí 2012.

Fyrstu mánuðina var eiginlega eingöngu unnið að stofnverkefnum og marga hluti þurfti að vinna alveg frá grunni: Að koma stofnunni fyrir í Kvennaskólanum, kaupa húsgögn og tölvur, stofna bankareikning, finna bókhaldsstofu, vinna fjarhagsáætlun fyrir árið 2012, sjá um kynningarmál, gerð vefsíðu www.tsb.is, val logos, undirbúning fyrir fundi og framkvæmd þeirra, o.s.f.v.

Stefnumótunarfundur var haldinn í Blöndustöð Landsvirkjunnar föstudaginn 9. október. Í sama mánuði voru ráðnir tveir sérfræðingar: Catherine Chambers í 100% starf á sviði strandmenningar í samstarfi við Háskólann á Hólum, og Dan Govoni í 50% starf á sviði laxfiska í samstarfi við Veiðimálastofnun, en í annarri grein samþykktu Þekkingarsetursins frá stofnfundinum segir m.a. að sérsvið þess eiga að vera textíll, strandmenning og laxfiskar.

Opið hús var hjá Þekkingarsetri þann 10. október í tilefni safnahelgarinnar á Norðurlandi vestra.

Formleg opnun Þekkingarsetursins átti sér stað þann 12. nóvember 2012 um leið og haldið var upp á 100 ára byggingarafmæli Kvennaskólahússins á Blönduósi. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og fleiri þingmenn voru viðstaddir opnunina. Þá var einnig skrifað undir samning um fjármögnun setursins til næstu tveggja ára. (Í kjölfar þess birtist grein um Þekkingarsetrið og viðtal við framkvæmdastjóra í Feyki þann 15. nóvember 2012.)

Fyrir áramót var svo unnið að skipulagi verkefna fyrir árið 2013: Gerðar voru áætlanir um m.a. þarfagreiningu náms á Norðurlandi vestra, uppbyggingu námsvers í Kvennaskólanum, samstarfsverkefni við fræða- og rannsóknarsetur á svæðinu, verkefni á textílsviði og málþing í haust 2013. Starfs- og rekstraráætlun Þekkingarsetursins þarf að skila til Mennta- og menningarráðuneytisins samkvæmt samningi fyrir 30. janúar á ár hvert og einnig að birta hana á vefsíðu setursins.

Fræða- og rannsóknarstarfsemi á árinu 2012

Í annarri grein samþykktar Þekkingarsetursins segir m.a. að tilgangur Þekkingarsetursins á Blönduósi sé að stuðla að aukinni almennri þekkingu og fjölbreytni atvinnulífs með fræðslustarfi, eflingu háskólamenntunar, vísindarannsóknnum og nýsköpun. Þar kemur einnig fram að eitt af markmiðum Þekkingarsetursins er að stuðla að miðlun þekkingar til almennings, háskólanema og sérfræðinga, m.a. með því að halda ráðstefnur og námsskeið. Til þess að þetta gæti gerst var tekin ákvörðun um að ráða sérfræðinga á tveimur sérsviðum Þekkingarsetursins, strandmenningar og laxfiska.

Catherine Chambers er doktórnemi við Háskólann Fairbanks, Alaska, og var ráðin sem sameiginlegur starfsmaður Þekkingarsetursins og Háskólans á Hólum. Rannsóknaráherslur Catherine eru á þætti umhverfis, efnahags og félagslega menningu við strendur Húnaflóa. Hún kenndi umhverfisfræði við Háskólann á Hólum haustið 2012.

Haldinn var starfsdagur þann 15. október með ferðamálanemendum frá Háskólanum á Hólum á Blönduósi þar sem þau unnu að verkefnum í Þekkingarsetrinu og heimsóttu Laxasetrið og Hafissetrið með Þóri Jakobssyni veðurfræðingi.